



Ársskýrsla 2019

Öll vötn til Dýrafjarðar

Verkefnisstjóri
Agnes Arnardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Verkefnastjórn	3
Markmið	3
Markmið fyrir þingeyri	4
Framtíðarsýn	5
Framtíðarsýn – aðgerðaáætlun.....	6
Samantekt verkefna ársins 2019.....	8
Styrkúthlutun v. ár 2018	9
Styrkúthlutun ár 2019	9
Styrkveiting – áhrif og þýðing hennar fyrir umsækjendur	10
Lokaorð	10

Inngangur

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir. Verkefnið hófst 2018 með íbúáþingi 10.-11. mars þar sem farið var yfir áherslur og óskir íbúana. Verkefnisstjórn var skipuð á þessu fyrsta íbúáþingi, en í henni sitja fulltrúar frá Byggðastofnun, Ísafjarðarbæ, Vestfjarðarstofu og íbúum Þingeyrar alls 8 manns. Verkefnisstjóri verkefnisins var ráðinn frá 1. september sama ár. Lagt var upp með að verkefnið stæði yfir í þrjú ár með möguleika á fjórða árinu. Verkefnið hefur, miðað við upphafsár 2018, staðið yfir í tvö ár en ekki með starfandi verkefnisstjóra nema í rúmlega eitt ár í lok árs 2019.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuþbyggingu eða annarsskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í þessa styrki á hverju ári. Hingað til hafa verið 7 milljónir á ári og í ÖVD hafa verið úthlutað styrkjum fyrir 14 milljónir sem eru fyrir árið 2018 og 2019. Ekki var úthlutað 2018 en tvær úthlutanir þess í stað árið 2019.

Í byrjun árs 2019 var úthlutað fyrstu styrkjum verkefnisins sem var vegna ársins 2018. Megin ástæða þess var eins og sagt er hér að ofan að verkefnisstjóri var ekki ráðinn fyrr en síðla árs 2018 og ekki vannst tími til að hefja úthlutun fyrr. Auglýst var eftir styrkjum í lok ársins til að ná að halda inni því fé sem ætlað var til úthlutunar fyrir 2018. Önnur úthlutun vegna styrkja verkefnisins var auglýst í lok mars 2019 með umsóknarfest til 15. apríl sama ár.

Framvinda verkefnisins helst í hendur við áhuga íbúana til að framfylgja þeim markmiðum og verkefnaáætlun sem þeir settu sér á fjölmönnum íbúafundum bæði 2018 og 2019. Einu sinni á ári í það minnsta eru haldnir íbúafundir þar sem farið er yfir þessi markmið, þar sem þau eru endurskoðuð, bætt við ef þurfa þykir og skoðað hvernig tekist hefur til. Í september 2019 haldinn fyrsti íbúafundurinn þar sem farið var yfir stöðu markmiðana, aðgerðaáætlunarinnar og þeirra verkefna sem íbúarnir settu sér að vinna að á tímabilinu. Sá fundur var mjög fjölmennur, flestir voru sammála um að halda áfram að þessum markmiðum og var hvatt til þess að íbúarnir yrðu meiri þátttakendur í framtíðinni en hingað til hefur verið. Ekki var bætt við neinum verkefnum heldur áhersla lögð á að klára það sem áður var ákveðið. Staða þessara verkefna er mis langt á veg komin og verður aðeins fjallað um það hér að neðan.

Stjórnarfundir voru ekki mjög margir á árinu, færri en lagt var upp með. Fundað var í kjölfar beggja styrk úthlutananna ásamt því að fundað var fyrir íbúafundinn í september. Stefnt var að því að stjórn fundi að minnsta kosti sex sinnum yfir árið og er það markmið fyrir árið 2020. Hér að neðan verður einnig farið yfir störf verkefnisstjóra ásamt þeim verkefnum sem fengu styrk.

Verkefnastjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar er staðan vistuð hjá Vestfjarðarstofu.

Verkefnisstjóri er Agnes Arnardóttir.

Á íbúafundi sem haldin var 11. September 2019 var gerð breyting á stjórn verkefnisins. Tveir stjórnarmenn Wouter Van Hoeymissen, fulltrúi íbúa og Arnar Sigurðsson, fulltrúi íbúa óskuðu eftir því að víkja úr stjórn verkefnisins vegna persónulegra ástæðna. Í þeirra stað komu Lára Ósk Pétursdóttir og Sigmundur F. Þórðarson.

Í nýrri verkefnisstjórn verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar sitja eftirfarandi aðilar frá 11. sept. 2019:

- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.
- Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðarstofu.
- Sigmundur F. Þórðarson, fulltrúi íbúa.
- Lára Ósk Pétursdóttir, fulltrúi íbúa.

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðakjarna og sveitir landsins, sem á tíðum eru aðilar sem vegna smæðar sinnar hafa ekki geta nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðapróunar- og samfélagsuppbyggingar. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er meiningin að búa til nýtt lag ofan á stoðkerfið, heldur vettvangur þar sem leiddir eru saman kraftar og mynduð einskonar „sérsvait“. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúana.“

Markmið fyrir þingeyri

Á fyrsta íbúaþinginu sem haldið var á Þingeyri kom fram hverjar áherslur og markmið verkefnisins á Þingeyri ættu að vera að mati íbúana. Í kjölfar fundarins var útbúin greinargerð eða skýrsla þar sem fjögur meginmarkmið voru sett fram og þeim síðan skipt niður í undirmerkið og aðgerðaáætlun fyrir hvert meginmarkmiðana. Á íbúafundi númer tvö sem haldin var 6. desember 2018 lagði verkefnisstjóri fram frumdrög að þessari markmiðasetningu og aðgerðaráætlun sem fundurinn vann svo áfram. Á íbúafundi númer þrjú sem haldin var 11. September 2019 var farið yfir þessi markmið og aðgerðaáætlunina, þau endurskoðuð og íbúar hvattir til að taka virkan þátt í að raungera þessi markmið ásamt því að fylgja betur eftir aðgerðaáætluninni. Allir fundirnir voru vel sóttir, um og yfir þrjátíu manns tóku virkan þátt í fundunum.

Til upprifjunar þá valdi íbúafundurinn upphaflega fjögur meginmarkmið þar sem hvert þeirra hafði mismörg undirmerkið og aðgerðaáætlun í kjölfar þeirra. Alls voru þetta 45 atriði sem

Íbúafundirnir töldu að mikilvægt væri að vinna að til eflingar Þingeyri og samfélaginu þar.

Meginmarkmiðin fjögur eru eftirfarandi:

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

Þessi meginmarkmið skiptust síðan niður í mismörg undirmarkmið og aðgerðaáætlanir.

Fyrsta meginmarkmiðið – **Fjölskylduvænt samfélag** skiptist niður í 11 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslurættir þjónusta við íbúana, hvernig hægt væri að laða að fleiri fjölskyldur til Þingeyrar og auka lífsgæði íbúana.

Annað meginmarkmiðið – **Skapandi samfélag** skiptist niður í 13 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslurættir atvinnuuppbygging og fjölbreytt skapandi atvinnulíf. Fjölgun starfa og uppbygging innviða.

Þriðja meginmarkmiðið – **Umhverfisvæn útivistarparadís** skiptist niður í 15 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslurættir aðgengi að útivist, merkingar gönguleiða, aukin afþreying bæði fyrir heimafólk og ferðamenn. Viðhald eigna og snyrtilegt umhverfi.

Fjórdða meginmarkmiðið – **Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar** skiptist niður í 6 meginmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslurættir samgöngur, fjarskipti og hvernig opnun Dýrafjarðargangna gæti nýst Þingeyri og Þingeyringum sem best. Opnun gangnanna gæti breytt miklu fyrir Þingeyri þar sem að með þeim væri Þingeyri orðin mjög miðsvæðis á Vestfjörðum. Nauðsynlegt að vera vel undirbúin og nýta þetta tækifæri vel.

Nánar má sjá öll þessi undirmarkmið og aðgerðaáætlanir í skýrslu verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar á vef Vestfjarðastofu og vef Byggðastofnunar. Á íbúafundinum 11. September 2019 var ákveðið að halda áfram að vinna að þessum markmiðum og aðgerðaráætluninni. Ekki bættist neitt við en á sumu var skerpt á þar sem íbúar töldu að mikilvægast væri að vinna að sem allra fyrst og forgangsraða uppá nýtt.

Framtíðarsýn

Á íbúafundinum 6. desember 2018 var framtíðarsýn íbúana á Þingeyri sett fram í stuttum og hnitmiðuðum texta sem segir allt sem segja þarf. Á íbúafundinum 11. September 2018 var ekki gerð nein breyting á þessari framtíðarsýn og á hún jafn vel við árið 2019 og árið 2018 þegar hún var samin:

„Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á með fjölbreytt tækifæri til atvinnu- og menningarlífs. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Þingeyri er

áberandi snyrtilegt þorp í fallegu og tiltölulega víðlendu byggðarlagi í hjarta Vestfjarða. Umhverfisvitund og samkennd auðkennir samfélagið við Dýrafjörð, en einnig mikill sköpunarkraftur og fjölbreytt tækifæri til áhugamála. Íbúum hefur tekist að nýta sér nýjustu tækni til framfara og sóknar sem byggja á fjölbreytni. Þingeyri er fyrirmyndar útvörður í fjölkjarna sveitarfélagi þar sem sátt ríkir um þjónustu, svo og þátttöku og framlag íbúa til málefna sveitarfélagsins. Í Dýrafirði býr fólk sem kann að nýta orku fjallanna, er þakklátt og gerir sér grein fyrir eigin hamingju. Fólkið er duglegt og er skynsamlegt hvað varðar jafnvægi milli vinnu og einkalífs“.

Framtíðarsýn – aðgerðaáætlun

Eftir síðasta fund var skjalið um framtíðarsýn og markmið verkefnisins endurskoðað og hvatt til þess að halda áfram á sömu braut og halda áfram að vinna með þessa framtíðarsýn og aðgerðaráætlun sem unnin var uppúr íbúafundi 2018. Sami háttur var hafður á við endurskoðun aðgerðaráætlunarinnar og var í upphafi þegar hún var búin til.

Hópnum var skipt í fjóra minni hópa og átti hver hópur að endurskoða eitt af fjórum meginmarkmiðunum í skjalinu þ.e.:

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar.

Hverju þessara fjögurra markmiða var skipt upp í mismörg starfsmarkmið. Þegar allir hóparnir höfðu kynnt sína niðurstöðu var öllum gefin kostur á að bæta við og koma með álit á því sem unnið var í öðrum hópum en þeirra eigin. Út úr þessu kom endurskoðað lokaskjal sem vinna á að áfram. Sú vinna hefur verið mismarkviss og var megin dagskrá fundarins að fara aðeins nánar yfir hvernig hefur gengið að vinna að verkefnunum sem stefnt var að í skjalinu. En hafa ber í huga að þessi aðgerðaráætlun var hugsuð til þriggja ára.

Fundinum er ætlað að velta aðeins fyrir sér hvernig hefur tekist til, hvernig er staðan, hvað á að halda áfram með og hvað er ekki raunhæft eða hvað má fara út? Er eitthvað annað sem væri æskilegt að vinna að sem ekki er nú þegar í skjalinu?

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuppbyggingu eða annarsskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í þessa styrki á hverju ári. Hingað til hafa verið 7 milljónir á ári og í ÖVD hafa verið úthlutað styrkjum fyrir 14 milljónir sem eru fyrir árið 2018 og 2019. Ekki var úthlutað 2018 en tvær úthlutanir þess í stað árið 2019.

Framtíðarsýn og markmið ÖVD - staða áhersluverkefna⁷ sem tiltekin voru á íbúafundi 2019

Nr.	Markmið	Í		
		Hafið	vinnslu	Lokið
1	Fjölskylduvænt samfélag	x	x	
1.1	Kynningarherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar	x	x	
1.2	Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar	x		
1.3	Sníða þjónustu almenningsgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita	x		
1.4	Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa	x		
1.5	Forgangsraða verkefnum sveitarfélagsins	x		
1.6	Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vöru og þjónustu			
1.7	Huga að framtíð flugvallarins á Þingeyri	x	x	
1.8	Úttekt á fjarskipa- og vegamálum	x	x	
1.9	Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokanir á heiðum			
1.10	Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana	x	x	
1.11	Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyringa við opnun Dýrafjarðargangna	x	x	
2	Skapandi samfélag			
2.1	Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins	x		
2.2	Skattaávilanir fyrir ný fyrirtæki			
2.3	Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. Bókhaldskostnaður			
2.4	Greina nýverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu			
2.6	Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu - viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun	x		
2.7	Kortleggja möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðisins fyrir Svalvogaveg			
2.8	Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu			
2.9	Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuáðstöðu	x	x	
2.10	Stofna og virkja fjarbúafélag			
2.11	Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun			
2.12	Hvetja íbúna og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins	x	x	
2.13	Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri	x		
3	Umhverfisvæn útivistarparadís			
3.1	Greina möguleika fyrir vikingaferðaþjónustu			
3.2	Styrkja golffélagið	x	x	
3.3	Finna leiðir til öflunar fjármagns, gagnert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir	x	x	
3.4	Kanna vilja ferðaþjónustuaðila og heimafólks um aðgangstýringu að náttúruperlum	x		
3.5	Halda ágengum plöntum í skefjum og gæta að heilbrigði strandsjávar	x	x	
3.6	Móta skýra langtímastefnu í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi	x		
3.7	Setja af stað átaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegann	x		
3.8	Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi	x	x	
3.9	Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði	x		
3.10	Ganga frá Námunni í Sneiðingnum			
3.11	Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn			
3.12	Stuðla að frekara viðhaldi gangstétta og gatna	x		
3.13	Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins	x		
3.14	Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði			
3.15	Upplýsa íbúa um fyrirætlanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar	x		

4	Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar			
4.1	Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins	x		
4.2	Meta framboð og eftirspurn lóða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri			
4.3	Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera "Þing-staður"			
4.4	Kanna vilja og möguleika tækniyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri			
4.5	Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur	x		
4.6	Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur	x	x	

Samantekt verkefna ársins 2019

Verkefnisstjóri hefur aðstoðað umsækjendur við umsóknir og gerð viðskiptaáætlana, bæði vegna verkefnastyrkja ÖVD og umsókna í aðra sjóði.

Verkefnisstjóri hefur aðstoðað íbúa við alskonar málefni sem varðar einstaklinga eða fyrirtæki í formi bréfaskrifta til opinbera aðila ásamt því að koma á tengslum við samstarfsaðila við framkvæmd hinna ýmsu verkefna. Verkefnisstjóri hefur aðstoðað beint vegna vinnu einstaka verkefna sem hafa hlotið verkefnastyrk frá ÖVD.

Verkefnisstjóri hefur setið flesta fundi íbúasamtakana/hverfisráðsins og aðstoðað formann eftir bestu getu vegna ýmissa málefna. Einnig hefur verkefnisstjóri komið á föstum fundum með bæjarstjóra og bæjarritara sem haldnir hafa verið nánast mánaðarlega bæði á Ísafirði og Þingeyri. Eru þessir fundir hugsaðir sem tenging á milli Þingeyrar og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þar sem rædd eru málefni líðandi stundar, bæði það sem betur má fara og það sem vel er gert. Skort hefur á upplýsingaflæði á milli aðila þ.e. flæði upplýsinga sem skipta samfélagið á Þingeyri máli og einnig fyrir stjórnendur Ísafjarðarbæjar. Unnið er markvisst að þessum málum þar sem alltaf er hægt að gera betur.

Verkefnisstjóri reynir að fremsta megni að afla sér upplýsinga og vera upplýstur um öll þau málefni sem skipta samfélagið á Þingeyri og við Dýrafjörð máli. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn eru alltaf reiðubúin að ræða málefni og reyna að finna viðunandi lausn á þeim sem þarf að leysa, koma á tengslum og efla samskipt á milli aðila.

Mikið af þeim málum og málefnum sem verkefnisstjóri hefur unnið að eru trúnaðarmál á milli verkefnisstjóra og viðkomandi aðila og þess vegna er ekki hægt að fara mjög nákvæmt yfir öll mál. Mikilvægt er að þessi trúnaður sé virtur, því eru mörg af verkefnum verkefnisstjóra ekki öllum sýnileg.

Á tímabilinu hefur verkefnisstjóri setið ótal fundi víðsvegar um land sem koma verkefni ÖVD við og/eða getur orðið til þess að koma á samvinnu og myndun tengslanets sem kemur verkefninu og samfélaginu á Þingeyri til góða og getur styrkt verkefnið.

Styrkúthlutun v. ár 2018

Fyrsta auglýsing eftir umsóknum var 17. desember 2018. Umsóknarfrestur rann út 15. janúar 2019. Til úthlutunar voru 7 milljónir króna. Alls bárust 29 umsóknir sem er metfjöldi á landsvísu. Aldrei hafa borist eins margar umsóknir í tengslum við úthlutun í brothættum byggðum. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að var um 120 milljónir. Sótt var um rúmlega 30 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum. Úthlutað var til 16 verkefna. Alls hefur verið greitt út vegna þessara verkefna kr. 2.345.000.- af þessum 7 milljónum sem voru til úthlutunar.

Frá fyrstu úthlutun eru tíu verkefni hafin af þessum 16 og fimm er lokið. Einu hefur verið frestað til næsta árs. Þetta eru allt verkefni sem geta haft verulega þýðingu fyrir Þingeyri/Dýrafjörð og íbúa svæðisins. Hér fyrir neðan er listi yfir þau verkefni sem fengu úthlutað. Eins og sjá má eru þau mjög fjölbreytt og hafa marga snertifleti.

Samantekt verkefna vegna 2018 - greiðslur og staða

Verkefni	Úth. v. 2018	Samn.undir.	Verk.hafið	Verk.lokið	1. gr.	Lokagr.
Uppfærsla Þingeyrarvefsins	180.000	já	já		90.000	
Listaakademían á Þingeyri	500.000					
The Tank	1.000.000					
Stafrænir flakkarar og störf án staðsetningar	1.000.000	já	já	já	500.000	
Námskeið og fyrirlestrar Víkingaskóla Skálans	570.000	já	já	já	285.000	
Bicycle week	90.000	já	já	já		90.000
Sköpunarsveimur	400.000	já	já	já	200.000	
Aðstaða Golfklúbburinn Gláma	980.000	já	já			
Hjólreiðakeppnin Ísafjörður-Þingeyri	100.000	Frestað				
Invite one family per year 2019-2020	500.000					
Wall Paintings in Þingeyri	300.000					
Hljóðfærásafn Jóns - Musical instruments museum	500.000	já	já	já	250.000	250.000
Graphic design courses	80.000	já	já	já	40.000	40.000
Handverkssýning - opin vinnustofa	200.000	já	já	já	100.000	100.000
Gísla saga víkingaviðburðir og námskeið	400.000	já	já	já	200.000	200.000
Invite the architect of The Tank Yasuaki Tanago to Þingeyri 2019	200.000	Frestað				
	7.000.000				1.665.000	680.000

Styrkúthlutun ár 2019

Önnur auglýsing eftir umsóknum var 15. mars 2019. Umsóknarfrestur rann út 15. apríl 2019 en var síðar framlengdur til 23. apríl 2019. Til úthlutunar voru 7 milljónir. Alls bárust 21 umsóknir. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að voru um 35 milljónir. Sótt var um tæplega 20 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Öll vötn til

Dýrafjarðar. Úthlutað var til 13 verkefna. Alls hefur verið greitt til þessara verkefna kr. 3.643.500,- krónur af þessum 7 milljónum króna sem voru til úthlutunar.

Frá úthlutun eru ellefu verkefni hafin, tvö eru ekki hafin og þremur er lokið. Hér fyrir neðan er listi yfir þau verkefni sem fengu úthlutað. Eins og sjá má eru þau einnig mjög fjölbreytt og hafa marga snertifleti.

Samantekt verkefna vegna 2019 - greiðslur og staða

Verkefni	Úthl. 2019	Sam.undir.	V.hafið	V.lokið	1. gr.	Lokagr.
Áformum um að halda fimm stærri vinnustofur/námskeið	500.000					
Málstofa - Snjallþorpið	400.000					
Book with Guðbjörg Lind's art work and her connecting with Þingeyri	325.000	já	já		162.500	
Soð í Dýrafirði Matur er mannsins megin - sjónvarpsþáttur	1.300.000	já	já		650.000	
Tourism services specific - OutdoorActive digital platform	195.000	já	já	já	97.500	97.500
Reiðvöllur að Söndum. Endurnýja uppistöður fyrir afmörkun á hringvelli	280.000	já	já		140.000	
Dómhús á svæði Hestamannafélagsins Storms að Söndum í Dýrafirði	500.000	já	já		250.000	
Management support for "job" running The Westfjords Creative Residency	1.200.000	já	já		600.000	
Námskeið í sútun á skinnum	350.000	já	já	já	175.000	175.000
Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins	300.000	já	já		150.000	
Fjallaskíði í Vestfirsku ölpunum	500.000	já	já		250.000	
Fóðurverksmiðja á Þingeyri fyrir fiskeldi	650.000	já	já	já	325.000	325.000
Vinna og setja upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn á Gemlufall	500.000	já	já		250.000	
	7.000.000				3.050.000	597.500

Styrkveiting – áhrif og þýðing hennar fyrir umsækjendur

Verkefnastjóri hefur spjallað við nokkra styrkhafa um hvaða þýðingu styrkurinn hefur haft fyrir viðkomandi og fyrir samfélagið. Á næstunni mun verkefnastjóri hitta þá sem hún hefur ekki hitt ennþá og taka síðan saman greinargerð um þetta málefni. Þeir aðilar sem verkefnisstjóri hefur þegar hitt, hafa allir verið sammála um það, að þessir styrkir hafa haft verulega þýðingu fyrir þau verkefni sem framkvæmd voru og gáfu umsækjendum aukið sjálfstraust, hvað varðar að sækja um aðra styrki hjá öðrum sjóðum. Sumir töldu að ef ekki hefði verið um styrk að ræða hefði ekki verið möguleiki á að framkvæma viðkomandi verkefni. Öll verkefni hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið allt ásamt því að vera mikil hvatning fyrir íbúana til framkvæmda.

Lokaorð

Eftir þessa yfirferð má sjá að það er verið að vinna að ýmsum verkefnum sem vonandi skila sér beint til samfélagsins. Sum þeirra hafa þegar gert það og tíminn á eftir að leiða í ljós hversu mikil önnur eiga eftir að gera það. Möguleikarnir eru margir ef allir leggjast á árarnar og vinna saman að úrlausn mála til eflingar byggðar á Þingeyri, sem ekki síður er mikilvægt fyrir Ísafjarðarbæ, þess vegna er samvinna og skilningur á milli aðila svo mikilvægur.